

Grein: Byrjendalæsi Elín	Tímabil: 6. mars – 17. mars	Kennarar: Lilja, Berglind, Hulda, Kolla og
<p>Efnispáttur úr ársáætlun: Unnið með söngtexta: <i>Fiskurinn hennar Stínu</i> og <i>Stolt siglir fleyið mitt</i>. Nemendur vinni út frá eigin getu, en allir hafa sama gæðatexta til að vinna með. Áhersla lögð á lestur, hlustun, ritun, framsögn(tjáning) og samvinnu.</p>		
Námsmarkmið	Viðfangsefni nemenda	Námsmat
<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hefur tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum; skiptast á, grípa ekki fram í, hlusta og taka eftir. • Getur skrifað sögu og lesið hana upp fyrri aðra. • Þekkir sérnöfn og samnöfn. • Þjálfist í raddlestri. • Auki orðaforða. • Fáir tækifæri til samvinnu. 	<p>Prep 1 – inntak texta</p> <ul style="list-style-type: none"> • Söngtextar lesnir. Merking orða rædd: fleyið, grandað, fósturjörð, bröndukló, að spyrja fréttu. • Endurlestur söngtexta - þátttökulestur- upprifjun. <p>Prep 2 – tæknileg vinna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur velja lykilorð úr <i>Fiskurinn hennar Stínu</i>. Þeir finna orð í orði og orð úr orði – paravinna. Úrklippubók notuð. • Nemendur velja lykilorð úr <i>Stolt siglir fleyið mitt</i>. Lykilorð unnið í krossglímu – paravinna. Úrklippubók notuð. • Sóknarskrift. Nemendur vinna í pörum og velja annan söngtextann. Skiptast á að kasta tenging. Telja frá byrjun í texta og draga hring utan um orðið sem teningurinn segir til um. Þetta er gert þar til textinn er búinn. Að því loknu skrifa pörin hring-orðin í úrklippubók. • Dótadýrasaga. Nemendur vinna í pörum og búa til sögu munnlega. Frábært að smáhlutirnir tengist sjó. • Paravinna í lestri úr söngtextum. Æfa samantekt. Nemandi A les fyrir hinn niður síðu og segir svo: “Hvað var ég að lesa um?”, nemandi B segir aðalatriði. Skipst á. • Paralestur úr söngtexta. Sterkir lesa saman – tímataka. Kórlestur hjá þeim sem eru komnir styttra. Styst komnir æfa nefnuhraða (orð úr textum notuð) af spjöldum. Fyrir þá sem þurfa endurinnlögn stafa og hljóða. • Leitarlestur – leita að tilteknu orði í texta. Annar velur orð úr textanum og segir upphátt. Hinn leitar og sýnir staðsetningu. Skipst 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað sögu og lesið hana upp fyrir aðra. Kennari metur ritunarverkefni nemenda og skráir hjá sér upplesturinn. • Fáir tækifæri til samvinnu. Kennari fylgist með og skráir niður hjá sér samvinnu nemenda í þeim verkefnum þar sem nemendur vinna í pörum.

	<p>á. Fyrir þá sem eru komnir styttra í lestri þá er gagnvirkur stuðningur frá kennara.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjöldi orða í málsgrein. Nemandi A les setningu úr söngtexta og nemandi B hlustar og segir hvað mörg orð voru í málsgreininni. Skipst á. Skráð stig fyrir hvert rétt svar. Fyrir þá sem eru komnir styttra í lestri þá er gagnvirkur stuðningur frá kennara. • Nemendur finna sérnöfn og samnöfn úr bókinni og flokka niður á blað. Fyrir þá sem eru komnir styttra þá skrifa nemendur upp sérnöfn úr bókinni á blað. Paravinna. • Yndislestur á hverjum degi, 10 – 15 mín í senn. Tíminn skráður inn í klukkuhring. Hver hringur táknar klukkustund. Nemendahópurinn safnar eins mörgum klukkum og hann getur. • Nemendur syngja lögin aftur og aftur <p>Prep 3 – enduruppbygging Nemendur hafa val um ritun í enduruppbyggingu. Nemendur lesa ritunarverkefni sín upp fyrir samnemendur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Auglýsingagerð. • Uppskrift -af fiskrétt. • Bréfaskrif -frá einstaklingi sem er á sjó. • Skrifa sögu um veiðiferð. <p>Nemendur koma fram á árshátíð skólans og syngja textana sem búið er að vinna með ásamt því að vera með leikþátt.</p>	
<p>Námsefni/Bjargir: <i>Fiskurinn hennar Stínu og Stolt siglir fleyið mitt.</i></p>		